




# Háteigur



13. árgangur 4. tbl.

28. apríl 2009

**Gleðilegt sumar!**

<http://www.hateigsskoli.is>

## Frá skólastjóra

Ágætu lesendur

Á umferðareyjunni handan Bólstaðarhlíðar eru tré sem ég sé út um gluggann á skrifstofunni og þau skarta vorlaufi. Þessi tré eru fyrsti vorboðinn fyrir utan gluggann minn í skólanum. Vorið og sumarið vakna af værum blundi undan feldi vetrarins svona eins og hún Þyrnirós gerði af svefni sínum eftir hundrað ár. Allir nemendur í 1. til 7. bekk fylgdust með ballettdönsurum segja söguna um Þyrnirós með hreyfingum sínum fyrir framan Sinfóníuhljómsveit Íslands á sviði Háskólabíós nýlega. Árni Heimir Ingólfsson tónlistarstjóri hljómsveitarinnar og fyrrum nemandi skólans bauð nemendum í Reykjavík á yngsta og miðstigi til þessarar listrænu veislu. Það er þakkarvert þegar nemendum er gefinn kostur á því að fá að njóta æðri lista. Einnig var það ánægjulegt að sjá hvað nemendur okkar fylgdust með af miklum áhuga og innlifun en þau voru þarna ásamt um 800 öðrum nemendum á sama aldri. Í mínum huga er ballett hluti af æðri listum í þeirri merkingu að þetta er listgrein sem á sér langa sögu, gerir miklar kröfur um þjálfun og þekkingu, lýtur fastmótuðum reglum en gefur um leið kost á persónulegri túlkun. Kannski má líka telja ballettinn til æðri lista vegna fágunar sinnar og kurteislegrar framsetningar þar sem áhorfandi inn og hlustandi þarf sjálfur að leggja á sig til að skilja og skynja það sem fram fer. Það var ánægjulegt að sjá hvað börnin nutu þessarar stundar og hvað þau sýndu henni mikla virðingu með framkomu sinni. Margir foreldrar hafa þakkað fyrir þetta framtak og ég hef fengið fregnir af ánægju barnanna frá foreldrum þeirra. Þetta er hluti af verkefninu „Tónlist fyrir alla“ en Háteigsskóli hefur fengið til sín marga góða listamenn á undanförunum árum. Ég vona að þessi mikilvægi þáttur í skólalífinu haldi áfram og styrkist ef eitthvað er.

Ef til vill þurfum við öll að vakna af Þyrnirósarsvefni á mörgum sviðum í okkar þjóðfélagi. Sumir hafa haldið því fram að börnin hafi orðið útundan í „góðærinu“ og ef það er rétt þá eigum við nú að vakna fyrir þau.

Börnin í Háteigsskóla eru þegar farin að fagna vorinu með leikjum sínum og ærslum á skólalóðinni. Vorið er tími æskunnar og gróandans. Við skulum brosa á móti sólinni og gleðjast með börnunum.

Gleðilegt sumar!

Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri

## Samstarf Háteigsskóla við leikskólana Stakkaborg, Nóaaborg og Klambra

Tilboð um samstarf kom frá leikskólakennurum sem höfðu nýlokið þróunarverkefni þessa sama eðlis. Við í Háteigsskóla og Hildur frá Nóaaborg, Hulda frá Klömburum og Amalía frá Stakkaborg ákváðum í byrjun að hafa samskiptin milli okkar auðveld, einföld og notaleg. Samstarfið var fólgið í gagnkvæmum heimsóknum og stuttum atriðum í öllum skólunum. Lögð var áhersla á talað mál, þulur, vísur og frásagnir.

Haust 2008: Nemendur 1. bekkjar heimsóttu alla leikskólana í október og nóvember. 1. bekkingar kenndu gömlu félögum sínum úr leikskólunum þulur og vísur sem þeir höfðu lært í skólanum og síðan tóku þeir þátt í frjálsum leik í leikskólanum. Í desember hittumst við öll í Háteigsskóla þar sem sungin voru saman nokkur jólalög og síðan tókum við þátt í leiklistartíma í skólanum ásamt 5. bekkjum.

Vor 2009: Í mars komu allir skólahópar leikskólanna í heimsókn í Háteigsskóla, einn hópur í einu. Leikskólabörnin tóku þátt í vinnu á valsæðum með 1. bekk. Í apríl var ein sameiginleg samkoma á sal Háteigsskóla. Þar sýndu 1. bekkingar leikskólafélögum sínum brot úr söngleiknum Fjárjóðurinn við undirleik Ólafs B. Ólafssonar, höfundar verksins. Síðan stigu leikskólabörnin af hverjum leikskóla fyrir sig á svið og sungu lög sem þau höfðu æft. Lokin á þessu ágæta samstarfi verða svo á Klambartúni í lok maí þar sem við munum öll hittast með nesti og fara saman í leiki.

Greinilegt er að þessar heimsóknir hafa verið jafnt ungum sem öldnum afar gagnlegar og skemmtilegar. Við höfum kynnst eilítið starfinu í leikskólanum og leikskólakennararnir fengið smá innsýn í okkar starf. Mælum við eindregið með því að samstarfi á þessum nótum verði haldið áfram næstu árin.

Hlín Helga Pálsdóttir og Gunnar Börkur Jónasson

## Í sumarhúsi

Ég fór í bíltúr með pabba, mömmu og bróður mínum upp í sveit í sumarhúsi. Við grilluðum pylsur og kjúklingavængi. Við spilnuðum fótbolta og badminton. Það var mjög gaman. Svo fórum við öll keyrandi heim.

Marta Veronica Romero Cruz, 3. bekk

## Skólinn minn

Skóli minn er skóli þinn og þar eru kennarar sem kenna út í eitt. Alltaf er erfitt að ganga út í eitt. Skólastofa mín er brjáluð út í eitt. Skóli minn er mjög skemmtilegur.

Unglingar fara á böll út í eitt og síðan koma þeir aldrei aftur heim og ef þú trúir mér ekki þá skaltu kíkja í skólann minn.

Kolfinna Eypórsdóttir, 4. bekk

## Fréttir af 105

Allt að gerast í 105 nú um þessar mundir. Í maí verður mikil góðgerðarvinna á staðnum, við ætlum öll að leggjast á eitt og safna fyrir „Göngum saman“ hópnum, sem er félag til að afla fjár í grunnrannsóknir á brjóstakrabbameini. Málið tengist okkur öllum, við eigum mæður og ættingja sem hafa veikt. Þið verðið vör við verkefnið í maí, það verður gengið í hús, bolir verða seldir og hvað eina. Við ætlum að hafa eina opnun þar sem foreldrar og allir í hverfinu eru sérstaklega velkomnir í heimsókn 13. maí, til að spila saman borðtennis, fótballspil, fara í alls konar skemmtileg spil, spjalla við staffið, horfa á stuttmynd og sjá hvað við erum búin að vera að gera í vetur. Heitt á könnunni og svoleiðis. Taktu 13. maí frá!

7. maí ætlum við að taka sérstaklega á móti 7. bekknum sem munu yfirtaka félagsmiðstöðina á komandi árum.

En hvað erum við búin að vera að gera? Nú við erum í stuttmyndagerð, við fengum Dag Sigurðsson fyrrum fyrirliða íslenska landsliðsins til að smella okkur í rétt andlegt horf fyrir sumarið :-). Við erum búin að taka þátt í Unicef verkefni sem náði hámarki á sumardaginn fyrsta á Klambra-túni. Við höfum heimsótt nágrannafélagsmiðstöðina okkar, Punktur Is í Hlíðaskóla, farið út í fótballa og kubb svo eitthvað sé nefnt. Endilega fylgist með starfsemi okkar og ekki hika við að hafa samband.

Hrefna

## Ævintýrið um James Bond

Með blýant í hausnum fór hann á stjá.

Hann hitti Jónu og var hana feginn að sjá.

Þau fóru saman í ævintýraleit

en þar eru margar verur á beit.

Til dæmis er nornin hún Gróttá

en undan henni

þau lögðu á flóttá.

Síðan er það hún Stína

með sína óteljandi

gargandi síma.

Síðastur er úlfurinn Jói

með honum er íkorninn mjói.

Allar þessar verur sigraði hann

af því að margt er það sem

maðurinn kann.

Hans nafn er nefnilega... James Bond!

Steinunn og Þórdís í 5. bekk



## Stjörnur

Í gær fór ég á stjörnuskoðunarnámskeið með pabba mínum og við fórum í risastórt tjald og við sáum stærri stjörnu en sólin. Hún hét Betelgeuse. Hún er stærst allra stjarna.

Tristan Karel Helgason, 3. bekk

## Frá heilsugæslunni

### Hjól og hjálmar

Virðum reglur um hjóla- og hjálmanotkun. Ekki má hjóla á skólalóð á skólatíma. Börn yngri en 12 ára eiga ekki að hjóla ein í umferð.

Barn þarf að ráða vel við stærð hjólsins. Það þarf að geta beitt athyglinni að umferðinni. Hjálpum börnunum að stilla hjólin rétt og hafa þau í góðu lagi og hjól barna eiga alltaf að vera búin fóthömlum.

Hjálmanotkun er skylda og ættu allir að vita hvers vegna! Sum börn ná sér aldrei eftir slæma höfuðáverka. Forðumst slík slys!

### Gróttá

Fyrir tveimur vikum fórum ég, Kári, afi og Jói í Gróttu. Í Gróttu er mjög skemmtileg fjara. Ef maður er of lengi í Gróttu kemst maður ekki þaðan fyrr en eftir 5-6 klukkustundir. Ástæðurnar eru þær að það flæðir yfir leiðina aftur að landi. Við vorum næstum fastir. Svo fórum við að fá okkur kakó. Emil Fjóluson Thoroddsen, 3. bekk

### Dúkrista

Þessa flottu dúkristu gerði Bjarki Ólafsson í 6. bekk.



### Skólahreysti

Fimmtudaginn 30. apríl kl.

20:00 verður úrslitamótið í

Skólahreysti haldið í

Laugardalshöll. Tólf skólar

munu mæta og keppa um skólahreystibikarinn 2009. Við ætlum að fjölmenna og styðja okkar lið. Sýnt verður beint frá keppninni í sjónvarpinu. Áfram Háteigsskóli!

### Sagan af Ásu

Það var einu sinni stelpa sem hét Ása. Hún bjó á bóndabæ með ömmu sinni og afa. Þar voru 4 hestar, 2 kálfar, 1 kýr, 5 svín, 1 köttur og 1 hundur. Einn daginn var Ása að leika sér í grasinu. Þá kom afi hennar og sagði að það væri háttatími. Ása var svo góð stúlka að hún fór strax upp í rúm og sofnaði strax. Hún vaknaði um miðja nótt. Einhver var að syngja. En hver var að syngja? Hún leit út um gluggann og þar var álfadrottning í fjöllunum. Hún syngur svo fallega, hugsaði Ása. Ég vil syngja svona.

Silja Mattadóttir Eklund, 3. bekk

### Regnbogi birtist

Ég var úti að labba. Ég fór út á róló.

Allt í einu kom þrumuveður.

Og rigningin féll. Ég reyndi að komast heim en var lengi á leiðinni. Loks komst ég.

Þegar ég lokaði dyrunum kom sól.

Ég fór út aftur og sá stóran og fallegan regnboga.

Yrsa Ásgeirsdóttir, 4. bekk



Spakmæli mánaðarins:  
Lífið býður óendanleg tækifæri  
til að vinna kærleiksverk.  
Nýttu þau öll.

